

140. löggjafarþing 2011–2012.
Þskj. x — x. mál.

Álit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2012 (00 Æðsta stjórn ríkisins og 01 Forsætisráðuneyti).

Frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar dags. 12. nóvember sl. fjallað um þá hluta frumvarps til fjárlaga sem varða æðstu stjórn ríkisins og forsætisráðuneyti.

Á fund nefndarinnar komu Óðinn Helgi Jónsson, Eydís Eyjólfsdóttir og Sigurður Snævarr frá forsætisráðuneyti.

Athygli nefndarinnar var vakin á því að samkvæmt nýjum þingsköpum fjalli fjárlaganefnd ein um fjárveitingar ríkisins og taldi skrifstofa Alþingis því að henni bæri ekki að mæta á fund nefndarinnar.

Í ljósi þessa telur nefndin rétt að vekja einungis athygli á fjárlagatillögum sem varða þær tvær stofnanir Alþingis sem eru órjúfanlegur hluti af eftirlitshlutverki nefndarinnar, þ.e. umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar.

Umboðsmaður Alþingis.

Framlög til umboðsmanns Alþingis eru 116,3 m.kr. sem jafngildir 3,3 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um 3% samdrátt í stjórnsýslu og almennri þjónustu. Nefndin átti fund með umboðsmanni Alþingis þar sem fram kom að starfsmenn hjá embættinu eru átta og hefur fækkað um þrjú stöðugildi hjá embættinu frá árinu 2008, m.a. um stöðugildi aðstoðarmanns umboðsmanns. Þá kom einnig fram að kvörtunum sem berast til umboðsmanns hefur fjölgað verulega á árinu 2011 miðað við síðustu ár og í lok október voru kvartanir 41,4% fleiri en á sama tíma 2010. Í lok dags 7. nóvember 2011 höfðu 456 mál verið skráð á árinu en samtals 377 mál voru skráð allt árið 2010. Þessi mikla aukning mála hefur orðið til þess að afgreiðslutími hefur lengst og minni tími gefst því til frumkvæðisathugana. Nefndin bendir á að embættið er lítið og því er niðurskurður tilfínanlegri og hagræðing erfiðari en gerist hjá stærri embættum. Nefndin telur einsýnt að ekki sé unnt að ganga lengra í niðurskurði til embættisins, ekki síst þegar lítið sé til síaukins mála fjölda. Embættinu er samkvæmt lögum fengið það mikilvæga hlutverk að gæta réttaröryggis borgaranna gagnvart stjórnvöldum og telur nefndin nauðsynlegt að tryggja embættinu næga fjármuni til þess að það geti rækt hlutverk sitt með sóma og veitt stjórnvöldum raunverulegt aðhald.

Ríkisendurskoðun.

Framlög til Ríkisendurskoðunar samkvæmt frumvarpinu eru 410,4 m.kr. og er raungildislækkun því um 12 m.kr. sem er í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um 3% samdrátt hjá stjórnsýslustofnunum. Nefndin átti fund með Ríkisendurskoðun þar sem fram kom að það stefndi í að stofnunin væri rekin með um 24 m.kr. halla á þessu ári en ætti á móti uppsafnaðan rekstrarafgang frá umliðnum árum upp á tæpar 70 m.kr. Starfsmenn Ríkisendurskoðunar eru 48 talsins og hefur sá fjöldi verið nánast óbreyttur síðustu fimm ár,

þ.e. frá 47 til 49, í árslok. Nefndin telur nauðsynlegt að stofnunin fái þá fjármuni sem hún þarf til að sinna því áriðandi eftirlitshlutverki sem henni er fengið samkvæmt lögum. Engu síður vill nefndin vekja athygli á því að niðurskurður í kjölfar hrunsins hefur ekki gengið eins nærri stofnuninni og embætti umboðsmanns Alþingis þegar litið er til stærðar stofnunarinnar, fjölda starfsmanna og möguleika til að afla sértekna.

Alþingi, 21. nóv. 2011.

Valgerður Bjarnadóttir, form.

Álfheiður Ingadóttir.

Róbert Marshall.

Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Birgir Ármannsson.

Vigdís Hauksdóttir.

Margrét Tryggvadóttir.